

Álitsgerð

fyrir Landssamtök lífeyrissjóða um hugsanlega skerðingu lífeyrissjóða á örorkulífeyri vegna greiðslu skaðabóta fyrir örorku af völdum slysa.

1. Inngangur.

Með bréf Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 18. október 2002, var þess fyrst óskað að ég tæki saman lögfræðilega álitsgerð um hugsanlega skerðingu lífeyrissjóðanna á örorkulífeyri vegna greiðslu skaðabóta fyrir örorku af völdum slysa. Bréfi þessu fylgdu svo síðari samskipti, sem ekki er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rétt þykir að rekja nokkuð aðdraganda þess að óskað var eftir álitsgerðinni. Hinn 24. september 2002 mun Lífeyrissjóðurinn Framsýn hafi vakið athygli Landssamtaka lífeyrissjóða á því, að við meðhöndlun tiltekins máls hafi komið upp spurningar um almenna skerðingu á örorkulífeyris vegna greiðslu á skaðabótum, sem greiddar hafa verið vegna örorku af völdum slysa. Jafnframt var upplýst að þetta álitaefni hafi verið í skoðun hjá fleiri lífeyrissjóðum og þeirri ósk beint til Landssamtaka lífeyrissjóða að þau tækju málið til umfjöllunar.

Það mál, sem vísað var til í bréfi Lífeyrissjóðsins Framsýnar, var í stuttu máli eftirfarandi.

D er fædd árið 1957 og hætti námi af sjálfsdáðum er hún var í 2. bekk í gagnfræðaskóla (9. bekkur grunnskóla). Hún eignaðist fimm börn á árunum 1974 til 1984. Hún hóf störf á vinnumarkaði 1974 og vann þá á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Hún vann þar skamman tíma en vann síðan á heimili fjölskyldunnar. Þegar eiginmaður hennar fékk brjóska 1979/1980 hóf hún aftur vinnu utan heimilis ýmist við ræstingar, sem starfsmaður í borðsal á Hrafnistu eða við önnur störf. Hún lenti í umferðarslysi í desember 1985 og hefur ekki verið á vinnumarkaði síðan. Hún átti rétt á skaðabótum vegna umferðarslyssins og var fyrst metin til (læknisfræðilegar) örorku af þeim sökum í nóvember 1986 og örorka þá talin 20%. Málið var endurupptekið á árinu 1991 þar sem afleiðingar voru taldar meiri en áður var gert ráð fyrir. Var (læknisfræðileg) örorka þá metin 35% og upphafstími hennar talinn 1. janúar 1990. D var metin 75% öryrki af Tryggingastofun ríkisins og var sú niðurstaða staðfest í endurmati stofnunarinnar í október 2000. Þessi örorkumöt fóru eftir þeim reglum sem gilda um slík mót fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Jafnframt fékk D greiddan örorkulífeyri frá Lífeyrissjóðnum Framsýn eða forvera hans á árunum 1986 til 1997, en þá voru greiðslur felldar niður þar eða orkutap hennar var ekki talið ná 50%. Hún óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að meta örorku sína eftir reglum þessa lífeyrissjóðs og komust matsmenn að þeirri niðurstöðu í matsgerð frá 16. marz 2001, að örorka, þ.e. orkutap, D væri 55%. D átti því rétt til áframhaldandi greiðslna örorkulífeyris frá Lífeyrissjóðnum Framsýn miðað við þetta hlutfall örorku, orkutaps, í samræmi við áunnin réttindi sín fram að orkutapi, sem allt var talið til komið fyrir 1. nóvember 1997.

D fékk þannig skaðabætur, sem svöruðu til þess að örorka hennar, metin eftir þeim reglum sem þá giltu um örorkumat, væri 35%. Hún fær bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna 75% örorku, sem metin er eftir reglum þeirrar stofnunar. Hún fær einnig örorkulífeyri frá Lífeyrissjóðnum Framsýn miðað við 55% orkutap (örorku) sem metin er eftir reglum sjóðsins.

2. Álitaefnið.

Eins og tiltekið er að framan, er þess óskað að ég fjalli um, hvort unnt sé að skerða örorkulífeyri, sem lífeyrissjóðir inna af hendi, vegna þess að örorkulífeyrisþeginn, sjóðfélaginn, hafi þegar fengið a.m.k. hluta örorku sinnar greidda sem skaðabætur, eins og í því tilvik, sem rakið er að ofan.

3. Efni álitsgerðarinnar.

Það er skoðun mín, að álitaefninu verði ekki gerð nægileg skil nema það verði athugað í samhengi við bótakerfið í víðum skilningi. Umfjöllun mín verður þó takmörkuð við bætur vegna slysa, eins og beinlínis er tekið fram í bréfi Landssamtaka lífeyrissjóða til mín. Ástæða þess, að nauðsyn ber til svo víðtækrar umfjöllunar, er fyrst og fremst sú, að það er ekki unnt að taka afstöðu til álitaefnisins, nema með því að skilgreina þá mismunandi stöðu sem tjónþolar eru í.

Það sem ég tel ástæðu til að gera grein fyrir er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verulega mismunandi rétti tjónþola til skaðabóta, þar sem einungis hluti þeirra, sem verða fyrir líkamstjóni í slysum, eiga rétt til skaðabóta.

Í öðru lagi þarf að gera grein fyrir þeim möguleikum til bóta, þ.e. skaðabóta, váttryggingarbóta, bóta frá almannatryggingum og bóta frá sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum, sem tjónþolar geta hugsanlega átt rétt til. Þessi þáttur greinargerðarinnar verður eins konar yfirlit yfir bótakerfið á Íslandi.

Í þriðja lagi þarf að gera grein fyrir því, að hve miklu leyti bætur greiddar frá einum aðilja hafa áhrif á rétt tjónþolans til þess að fá greiddar bætur úr hendi annars. Í þessu sambandi þarf einnig að gera grein fyrir tilvikum, þar sem tjón er bersýnilega ofbætt.

Að þessari umfjöllun lokinni verður fjallað um það, hvaða kosti lífeyrissjóðir hafa til þess að skerða greiðslu örorkulífeyris vegna þess að tjónið hafi verið bætt í heild eða að hluta af öðrum og hvernig grundvöllur að slíkri skerðingu yrði lagður. Sérstaklega þarf að gera grein fyrir hvaða hindranir standi slíkum skerðingum í vegi.

Fyrst af öllu þarf þó, að fóta sig að því hvað telja beri fullar bætur fyrir líkamstjón, þ.e. hvenær kemur að því að unnt er að segja að líkamstjón sé full bætt. Ef þetta liggur ekki ljóst fyrir, eða a.m.k. er skilgreint í hvaða merkingu þessi orð eru notuð, er gagnslítið að reyna að átta sig að því hvenær forsendur séu til að skerða örorkulífeyri, með þeim rökum að tjónið sé þegar bætt.

4. Hvað eru fullar bætur fyrir líkamstjón?

Það er afstætt hvað mönnum finnast vera fullar bætur fyrir líkamstjón. Margir telja að líkamstjón verði aldrei full bætt með peningum og þess vegna sé ekki unnt að tala um fullar bætur. Hvað sem slíkum vangaveltum líður er ljóst, að til þurfa að vera reglur, sem taka af skarið um það, hvernig eigi að bæta líkamstjón, þar með talið hvernig eigi að reikna út skaðabætur fyrir líkamstjón. Þessar reglur hafa lengst af í íslenskri réttarframkvæmd verið ákveðnar af dómstólum, en frá gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, hinn 1. júlí 1993, hafa þessar reglur verið í settum lögum. Skaðabótalögum hefur verið breytt tvívegis og í báðum tilvikum lutu breytingarnar m.a. að hækkun bóta fyrir líkamstjón. Síðari breytingin var gerð með lögum nr. 37/1999. Með setningu laga um ákvörðun á fjárhæð skaðabóta og hvernig þær bætur skuli reiknaðar hefur löggjafinn tekið afstöðu til þess, hvernig eigi að bæta líkamstjón, sem er skaðabótaskyld. Löggjafinn hefur þannig tekið afstöðu til þess, hvað telja beri fullar bætur. Verður í því sambandi að hafa í huga að tilefni þeirra breytinga, sem gerðar voru á skaðabótalögum á árinu 1996 og á árinu 1999 var að hækka bætur vegna þess að upphaflegar reglur laganna leiddu ekki til fullra bóta fyrir líkamstjón.

Hér verður því lagt til grundvallar að fullar bætur fyrir líkamstjón séu þær bætur, sem ákvarðaðar eru samkvæmt skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum. Er þá miðað við að tjón sé bætt að fullu, þ.e. að tjónþoli verði ekki látinn sæta skerðingum á rétti sínum til bóta vegna meðábyrgðar sinnar að tjóni.

Tekið skal fram, að það er eðlilegast að tala um fullar bætur í þessari merkingu, enda má segja að þetta sé eina lögákveðna viðmiðunin um hvernig bæta eigi líkamstjón.

5. Réttur tjónþola til skaðabóta vegna líkamstjóns er verður við slys.

5.1 Aðeins minni hluti líkamstjóna er skaðabótaskyldur.

Þegar maður verður fyrir líkamstjóni vegna slyss er afar misjafnt hvernig staða hans er að því er varðar rétt til skaðabóta. Þótt ekki sé aðgangur að opinberum tölum um, hvert hlutfall þeirra sem slasast og á rétt til skaðabóta er, verður að telja að líkur séu til þess að aðeins minni hluti líkamstjóna sé skaðabótaskyldur.

Það er reyndar afar breytilegt eftir því við hvaða aðstæður líkamstjón veður hve hátt hlutfalla þeirra er skaðabótaskyld. Sé t.d. miðað við líkamstjón sem verður við umferðarslys er ljóst, að þau eru nánast öll skaðabótaskyld eða þá að bætur fyrir líkamstjónið ákvarðast eftir reglum skaðabótaréttar, t.d. þegar ökumaður verður fyrir líkamstjóni vegna eigin gáleysis. Á hinn bóginn eru líkamstjón t.d. vegna slysa á heimilum og slysa sem verða þegar fólk nýtur frístunda, t.d. í útivist, íþróttum og þess háttar einungis skaðabótaskyld í undantekningartilvikum. Ef miðað er við líkamstjón sem verður vegna vinnuslysa, en slík slys er fremur stór hluti þeirra tilvika þar sem líkamstjón verður, fer því fjarri að tjónþoli eigi alltaf rétt til skaðabóta vegna líkamstjóns er verður við vinnuslys.

Ástæður þess að rétti tjónþola til skaðabóta er svo misjafnlega háttáð, er, að hvers konar tjón (líkamstjón, munatjón og almennt fjártjón) er ekki skaðabótaskyld nema tiltekin skilyrði séu fyrir hendi. Fullnægt þarf að vera skilyrðum til skaðabótaskyldu hverju sinni, þ.e. skilyrðum þeirrar reglu sem gildir um bótagrundvöllinn í hverju tilviki fyrir sig. Þessar reglur eru mismunandi og skýrir það, hvers vegna t.d. svo margir eiga rétt til bóta fyrir líkamstjón vegna umferðarslysa, en svo fáir vegna slysa á heimilum eða við íþróttir og útivist.

Reglurnar um skaðabótagrundvöllinn eru:

Hlutlæg skaðabótaábyrgð (skaðabótaábyrgð án sakar). Á t.d. við um líkamstjón við umferðarslys og slys, sem verða við meðhöndlun hjá heilbrigðisstarfsmönnum o.fl.

Vinnuveitandaábyrgð. Vinnuveitandi ber ábyrgð á tjóni, sem starfsmaður hans veldur með saknæmum hætti (þ.e. af ásetningi eða gáleysi) hætti. Á t.d. almennt við um vinnuslys.

Sakarlíkindaregla. Tjón bótaskyld, nema sá sem ábyrgð á að bera sanni að hann hafi ekki valdið tjóni með saknæmum hætti.

Sakarreglan. Tjón bótaskyld ef tjónþolinn sannar að tjóni hafi verið valdið með saknæmum hætti, þ.e. af ásetningi eða gáleysi.

Síðast nefnda reglan, sakarreglan, er algengasta reglan um skaðabótaábyrgð, hún telst meginregla íslenzks réttar um skaðabótaábyrgð. Hún á við, ef ekki er sýnt fram á að aðrar og víðtækari reglur eigi við um tjónið.

Þegar engin framangreindra reglana getur átt við, vegna þess að skilyrðum þeirra er ekki fullnægt, t.d. þegar líkamstjón verður vegna óhappatilvika eða tjónþoli hefur sjálfur orðið valdur af tjóni sínu t.d. dottið, eða skorið sig, á tjónþolinn ekki rétt til skaðabóta.

5.2 Dæmi um misræmi í rétti til skaðabóta.

Hér má spyrja, er eitthvert ranglæti fólgið í því, að tjónþoli eigi ekki rétt til skaðabóta nema tjóni sé valdið með einhverjum þeim hætti að uppfyllt sé skilyrðum einnar af framangreindum reglum til skaðabóta? Svarið við þeirri spurningu er, að frá sjónarhóli tjónþola geti falizt mikið ranglæti í þessu. Taka má eftirfarandi dæmi:

Starfsmennirnir A, B og C unnu hjá vinnuveitandanum D í byggingavinnu. Á sama degi slösuðust þeir A og B, sem báðir eru trésmiðir og fæddir á sama ári, í tveimur aðskildum tilvikum. Á hinn bóginn hlutu þeir nákvæmlega sömu meiðsl. A slasaðist þannig að C, sem stjórnaði krana, gleymdi sér augnablik er hann var að færa til timburbúnt og sló því utan í A. B slasaðist á hinn bóginn þannig að hann datt niður af vinnupalli, er hann gekk fáein skref aftur á bak við að mæla fyrir sperrum. Eins og fyrr segir var líkamstjón þeirra nákvæmlega hið sama, alvarlegt í báðum tilvikum. Þeir voru alveg frá vinnu í sex mánuði og varanleg örorka þeirra samkvæmt skaðabótalögum hefur verið metin 55%.

Hér er staðan sú, að A á rétt til skaðabóta, vegna þess að D, vinnuveitandinn, ber ábyrgð á hinni gáleysislegu háttsemi kranamannsins C. B getur aðeins sjálfum sér um kennt, augnabliks aðgæzluleysi hans er orsök líkamstjóns þess, er hann hlaut. Ekkert var athugavert við vinnupallana og hann verður að bera tjón sitt sjálfur.

Staðan er því sú, að A á rétt til skaðabóta, vegna varanlegst tjóns, sem getur verið kr. 2.700.000 í miskabætur og kr. 8.500.000 í bætur fyrir varanlega örorku, þ.e. fjártjón hans.¹ B á hins vegar hvorki rétt til miskabóta, né heldur bóta fyrir varanlegt fjártjón, því í hans tilviki er enginn skaðabótaskyldur.

Bæði A og B eiga rétt á ýmsum greiðslum, t.d. greiðslum úr váttryggingum og frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær greiðslur eru þó lágar og reglur um þær draga lítt úr því misræmi, sem er milli réttarstöðu þeirra í framangreindu dæmi.

6. Bætur fyrir líkamstjón. Yfirlit um bótakerfi á Íslandi.

6.1 Inngangur.

Sá sem verður fyrir líkamstjóni af völdum slyss getur átt marga kosti á því að fá tjón sitt bætt, a.m.k. að hluta. Fyrir hendi er víðtækt bótakerfi. Vegna viðfangsefnisins verður að gera grein fyrir því í stuttu máli. Lýsingu á bótakerfinu má nálgast frá ýmsum sjónarhornum. Ég tel, að það þjóni

¹ Tekið skal fram, að myndin er nokkru flóknari, því A þarf að sæta nokkrum frádrætti vegna greiðslna úr kjarasamningsbundinni slysatryggingu launþega og vegna greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, en þær fjárhæðir hafa ekki veruleg áhrif. Um þær greiðslur og frádrátt á skaðabótum vegna þeirra verður fjallað síðar.

viðfangsefninu bezt að lýsa því frá sjónarhóli skaðabótaréttar, enda þarf að lokum að svara því, hvort skerða megi greiðslu örorkulífeyris vegna þess að líkamstjón hafi verið bætt, sem gerist eftir reglum skaðabótaréttar.

Áður en bótakerfinu verður lýst, er óhjákvæmilegt að gera ákveðinn fyrirvara um að lýsingin verður ófullkomin enda einungis gerð til yfirlits, þannig að skýra megi í víðu samhengi hver staða og réttur þess sem verður fyrir líkamstjóni vegna slysa er til bóta. Annað sem vekja þarf einnig athygli á, og verður nánar fjallað um síðar, er að bótakerfið er ekki samræmt, það er reyndar mjög sundurlaust. Hægt er að fullyrða að sjálfstæð skilyrði séu til hvernar greiðslu um sig og að forsendur hennar séu ákveðnar sjálfstætt í mörgum tilvikum án tillits til þess hvernig skilyrði til annarra greiðslna eru ákvörðuð.

6.2 Yfirlit um bætur fyrir líkamstjón.

6.2.1 Forfallalaun frá vinnuveitanda.

Þeir sem eru í vinnu samkvæmt ráðningarsamingi, skipun í starf að á öðrum grundvelli eiga að öðru jöfnu rétt til forfallalauna frá vinnuveitanda í tiltekinn tíma, ef þeir verða fyrir líkamstjóni vegna slysa, mismunandi eftir starfstíma og starfi svo og orsökum slyss. Forfallalaun vinnuveitanda bæta oft allt það tjón, sem starfsmenn verða fyrir, þ.e. þegar afleiðingar líkamstjóns eru ekki varanlegar og valda einungis skammtíma óvinnufærni.

6.2.2 Skaðabætur.

Hluti, og einungis hluti, þeirra sem verða fyrir slysum eiga rétt til skaðabóta. Skipta má skaðabóta eftir því hvers konar tjón þeim er ætlað að bæta, þ.e. annars vegar í bætur fyrir ófjárhagslegt tjón og hins vegar í bætur fyrir fjárhagslegt tjón, einkum tjón sem felst í skerðingu á starfsorku, þ.e. í örorku.

Þá má flokka tjón í tjón vegna tímabundinna afleiðinga líkamstjóns annars vegar og tjón vegna varanlegra afleiðinga hins vegar.

Flokkun skaðabótalaga á bótum er samkvæmt þessu eftirfarandi:

	Ófrjárhagslegt tjón. _____	Fjárhagslegt tjón. _____
<u>Tímabundið tjón:</u>	Þjáningabætur	Tímabundið atvinnutjón.
<u>Varanlegt tjón:</u>	Bætur fyrir varanlegan miska	Bætur fyrir varanlega örorku.

Það sem skiptir máli fyrir umfjöllunarefnið hér er það sem telzt til varanlegs tjóns. Varanlegur miski er metin eftir reglum 4. gr. skaðabótalaga og er það oft nefnt læknisfræðilegt örorkumat. Varanleg örorka er metin eftir 5. gr. skaðabótalaga og er það örorkumat ekki læknisfræðilegt, heldur fjárhagslegt örorkumat. Verður nánar vikið að þessu síðar.

Nefna verður ábyrgðartryggingar í þessu sambandi, því mikill hluti þeirra skaðabóta, sem skylt er að greiða, er greiddur úr ábyrgðartryggingum, einkum lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja, en stór hluti vinnuslysa er greiddur úr frjálsum ábyrgðartryggingum.

6.2.3 Bætur, sem greiðast úr almannatryggingakerfinu af Tryggingastofnun ríkisins.

Sá sem verður fyrir slysi getur átt rétt á ýmiss konar greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Eins og kunnugt er skiptast almannatryggingar samkvæmt lögum um það efni, nr. 117/1993 í þrjár megin greinar, þ.e. lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Tvær þær fyrrnefndu koma hér til athugunar.

Greiðslur frá lífeyristryggingadeild:

Örorkulífeyrir.

Sá er slasast getur átt rétt á örorkulífeyri, ef hann uppfyllir skilyrði 12. gr. laga um almannatryggingar og önnur skilyrði II. kafla þeirra laga. Eitt megin skilyrðið er, að maður sé metinn til a.m.k. 75% varanlegrar örorku vegna afleiðinga læknisfræðilegra viðurkenndrar fötlunar. Það örorkumat fer fram samkvæmt 2. mgr. 12. gr. en nánari reglur um það er að finna í reglugerð nr. 379/1999.

Örorkustyrkur.

Sá sem slasast getur átt rétt á því að fá örorkustyrk, ef örorka hans er metin meira en 50%. Örorka er metin eftir sömu reglum og gilda við mat á skilyrði til örorkulífeyris. Örorkustyrkur greiðist almennt þeim, sem ekki fullnægja skilyrðum til að fá örorkulífeyri.

Tekjutrygging og tekjutryggingarauki.

Að uppfylltum skilyrðum um að vera undir tilteknu tekjulágmarki getur sá sem nýtur örorkulífeyris átt rétt á tekjutryggingu og að uppfylltum öðrum skilyrðum einnig tekjutryggingarauka.

Framangreindar greiðslur eru almennt óháðar því, hvort tjónþoli hefur átt rétt til skaðabóta eða ekki. Það getur því verið að tjónþoli hafi fengið fjártjón sitt bætt að fullu, en eigi samt rétt til greiðslna t.d. örorkulífeyris og fá hann greiddan að fullu.

Greiðslur frá slysatryggingadeild:

Greiðslur frá slysatryggingadeild taka aðeins til slysa, sem verða við tiltekna aðstæður, þ.e. slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar

Íþróttæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni. Tekið skal fram að orðin „við vinnu“ eru skýrð rúmt og taka t.d. til slysa sem verða á leið til og frá vinnu o.fl. Einnig er áskilnaður að sá, sem slasast, sé slysatryggður samkvæmt 24. og 25. gr. laganna, svo sem vera mun um flesta þá sem slasast við hinar tilgreindu aðstæður.

Bæturnar, sem hinn slasaði getur átt rétt á, eru m.a. þessar:

Dagpeningar.

Sá er verður óvinnufær vegna slysa getur átt rétt á dagpeningum í allt að 52 vikur og lengur ef tryggingarráð heimilar. Dagpeningar renna til vinnuveitanda á meðan hann greiðir hinum slasaða forfallalaun.

Örorkulífeyrir.

Ef slys veldur varanlegri örorku skal greiða þeim, er fyrir því varð örorkulífeyri sem ákveðst eftir sömu reglum og gilda um örorkulífeyri frá lífeyristryggingadeild, eða eingreiðslu, þ.e. að fá örorkubætur, sem greiðast í einu lagi. Örorkubætur greiðast ekki ef örorkan er minni en 10% og greiðast í einu lagi ef örorka er á bilinu 11 til 49%.

Aðrar greiðslur.

Ef örorka er meiri en 50% skal greiða, auk örorkulífeyris, lífeyri vegna maka og barna, sem yngri eru en 18 ára.

Tekið skal fram, að ekki sýnist útilokað að sá sem fengið hefur bætur með eingreiðslu t.d. vegna 45% örorku frá slysatryggingadeild fá síðar greiddan örorkulífeyri eða örorkustyrk frá lífeyristryggingadeild, t.d. ef síðar kemur í ljós að örorka hans er metin mun meiri t.d. 75%.

Bætur samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Sá sem hlýtur líkamstjón m.a. af völdum slysa getur átt rétt til greiðslna á grundvelli laga um félagslega aðstoð. Um getur verið að ræða endurhæfingarlífeyri, þ.e. þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir slys. Einnig gæti verið um að ræða makabætur eða umönnunarbætur og fleiri bótategundir, sem ekki er þörf á að telja upp.

6.2.4 Bætur úr lífeyrissjóðum.

Ekki er ástæða til að fjalla að marki um bætur úr lífeyrissjóðum hér, enda verður nánar vikið að þeim síðar. Nauðsynlegt er þó að tilgreina að samkvæmt 15. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir verða þessi lög nefnd lífeyrissjóðalög), skal sjóðfélagi í lífeyrissjóði eiga rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi, sem metið er meira en 50%, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna.

Aðrar greiðslur geta einnig leitt af slysi, t.d. ef sá er nýtur örorkulífeyris deyr.

6.2.5 Bætur úr sjúkrasjóðum(styrktarsjóðum) stéttarfélagi.

Sá er verður fyrir líkamstjóni og er félagsmaður í stéttarfélagi getur átt rétt til ýmiss konar greiðslna úr sjúkrasjóði stéttarfélagsins. Það er reyndar breytilegt eftir einstökum sjúkrasjóðum hvaða rétt félagsmaðurinn getur átt, auk þess sem svigrúm stjórna sjóðanna er almennt mikið við ákvörðun á úthlutun bóta. Hvað sem því líður er hlutverk sjúkrasjóða almennt að veita félagsmönnum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Það er því mögulegt að sá sem verður fyrir líkamstjóni geti notið greiðslna úr sjúkrasjóði bæði vegna tímabundins og ótímabundins tjóns síns. Um samræmda lýsingu á þeim rétti getur á hinn bóginn ekki verið að ræða vegna mismunandi reglna, mismunandi getu einstarka sjóða og svigrúms stjórna til að ákveða hvort til bótagreiðslna kemur eða ekki.

6.3 Greiðslur frá einkavátryggingum.

6.3.1 Ábyrgðartryggingar.

Eins og fyrr segir fær tjónþoli, hvort sem hann hefur orðið fyrir líkamstjóni eða munatjóni, tjón sitt í reynd oft bætt frá vátryggingarfélagi, er veitt hefur þeim, sem er skaðabótaskyldur, ábyrgðartryggingu. Ábyrgðartrygging á að greiða bætur sem svarar til skaðabóta er hinn vátryggði þarf að greiða samkvæmt almennum reglum. Ábyrgðartrygging er því eins konar afleidd trygging, þ.e. hún á að greiða þeim, sem verður skaðabótaskyldur, vátryggingabætur sem svarar til þeirra skaðabóta, sem hann hefur verið skyldaður til að greiða. Fjárhæðin sem rennur til tjónþola er ákveðin eftir reglum skaðabótaréttar og almenna reglan er sú, að hann á einungis kröfu á hendur hinum bótaskylda en ekki vátryggingarfélagi hans. Frá þessu er undantekning í reglum um ábyrgðartryggingu ökutækja, en það breytir ekki heildarmyndinni.

6.3.2 Sjúklingaþryggingar.

Sá sem verður fyrir líkamstjóni við meðhöndlun heilbrigðisstarfsmanna á rétt á bótum úr sjúklingaþryggingu eftir þeim skilyrðum sem nánar er lýst í lögum nr. 111/2000, um sjúklingaþryggingu. Bætur samkvæmt þeim lögum, þ.e. fjárhæð bótanna er ákveðin eftir reglum skaðabótaréttar.

6.3.3 Slysaþrygging ökumanns.

Ökumaður og sá sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki nýtur í raun sama bótaréttar og aðrir, sem slasast í umferðarslysum. Hann er slysaþryggður og það sem sérstakt er við þá slysaþryggingu, er, að fjárhæð bóta úr henni er ákveðin eftir reglum skaðabótaréttarins.

6.3.4 Kjarasamningsbundnar atvinnuslysaþryggingar.

Sá sem slasast við vinnu á rétt á bótum vegna tímabundins og ótímabundins fjárhagslegs tjóns síns úr hinni kjarasamningsbundnu atvinnuslysaþryggingu. Réttur til bóta úr þessari slysaþryggingu er óháður því hvort slysið sé skaðabótaskyldt eða ekki. Ákvörðun á fjárhæð bóta úr atvinnuslysaþryggingunni

fer ekki eftir reglum skaðabótaréttar, heldur eru fjárhæðirnar yfirleitt umsamdar í kjarasamningum, tiltekin fjárhæð fyrir hvert örorkustig, oft þannig að fjárhæðin margfaldast vegna örorkustiga, sem t.d. eru umfram 50% örorku.

6.3.5 Frjálsar persónuþryggingar.

Loks getur sá sem slasast átt rétt á því að fá bætur úr frjálsri slysatryggingu, sem hann hefur tekið sérstaklega, eða sem er hluti af annarri tryggingu t.d. fjöldskylduþryggingu, er hann hefur tekið. Einnig er til í dæminu að það sé hluti af ráðningarkjörum að starfsmaður sé slysatryggður sérstaklega, t.d. fyrir hærri fjárhæðum en leiða myndi af hinni kjarasamningsbundnu slysatryggingu starfsmannsins. Greiðslur úr slíkum frjálsum slysatryggingum eru ekki ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar, heldur umsamdar í váttryggingarskilmálum, oftast ákveðin fjárhæð fyrir hvert örorkustig, stundum breytilegt eftir því hve örorkan er mikil.

7. Ósamhæfðar reglur um rétt til bóta. Ósamhæfðar reglur um mat á örorku.

7.1 Ósamhæfðar reglur um rétt til bóta.

Eins og sést af því yfirliti, sem sett er fram í 6. kafla, er það kerfi sem ætlað er að bæta með einum eða öðrum hætti fjártjón þeirra, sem verða fyrir líkamstjóni í slysum, mjög víðtækt. Almennt má segja að það sé ekki samhæft, en frá því eru þó einstaka undantekningar. T.d. er ljóst að í skaðabótalögum er tekið **tilliti** til ýmissa annarra bótagreiðslna og sumar þeirra leiða reyndar til lækkunar á bótum. Aðrar gera það ekki og flestir bótaliðir eru ákveðnir eftir sérstökum reglum, sem gilda um þær tilteknu bætur, óháð því hver niðurstaðan er um rétt hins slasaða til bóta frá öðrum.

7.2 Ósamhæfðar reglur um örorkumat.

Svo sem áður segir eru reglur um einstaka bótaliði ekki samhæfðar, þannig að greiðslur bóta frá einum aðilja fara fram óháð því hvort hinn slasaði á rétt á bótum frá öðrum.

Eitt af því sem veldur því að bótagreiðslur fyrir líkamstjón eru ósamhæfðar er, að reglur um grundvöll á ákvörðun bóta fyrir örorku eru afar misjafnar. Segja má, til yfirlits að eftirfarandi reglur gildi.

Mat á varanlegum miska (ófjárhagslegt tjón).

Mat á varanlegum miska fer fram samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Matið er svonefnt læknisfræðilegt örorkumat, en þó er heimilt að taka tillit til sérstakra erfiðleika sem líkamstjónið kann að valda í lífi hins tiltekna tjónþola. Hið læknisfræðilega örorkumat er almennt mat. Það er svonefnt töflumat, enda hefur örorkunefnd útbúið og gefið út töflu um miskastig.² Í þessu felst að sama líkamstjón, t.d. handarmissir, eða skemmd á auga, leiðir til sama

² Varanlegur miski. Tafla um miskastig. Útgefið af örorkunefnd, Reykjavík 1994.

miskastigs hjá öllum, hvort sem í hlut á karl eða kona, ungur einstakilingur eða gamall. Eins og fyrr segir er þó heimild til að laga niðurstöðu miskamatsins að viðkomandi tjónþola ef líkamstjónið veldur einhverjum sérstökum ófjárhagslegum afleiðingum fyrir hann, umfram aðra. Þessi heimild er sjaldan notuð.

Það skal áréttað að mat á miska, sem er grundvöllur miskabóta, er til að bæta ófjárhagslegt tjón.

Mat á varanlegri örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga.

Mat á varanlegri örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga er grundvöllur ákvörðunar bóta fyrir það fjártjón, sem tjónþolinn verður fyrir vegna skertrar starfsorku í framtíðinni. Þetta mat er einstaklingsbundið, en ekki almennt eins og matið á varanlegum miska. Markmiðið með þessu mati er að skapa grundvöll til þess að geta bætt tjónþolanum þær tekjur sem hann mun að öllum líkindum missa af í framtíðinni vegna líkamstjónsins. Þetta hefur verið nefnt fjárhagslegt örorkumat, enda er því ætlað að vera grundvöllur ákvörðunar á bótum fyrir framtíðarfjártjón hins slasaða vegna líkamstjóns. Það örorkumat sem hér um ræðir var fyrst tekið upp í íslenskri réttarframkvæmd með gildistöku skaðabótalaga, sem tóku gildi 1. júlí 1993.

Mat á örorku samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Örorkumat vegna lífeyrstrygginga.

Þegar metið er hvort maður eigi rétt til örorkulífeyris eða örorkustyrks frá lífeyrstryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins fer örorkumat samkvæmt reglum 2. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga, sem nánar hafa verið útfærðar í reglugerð um örorkumat, nr. 379/1999, og staðli sem birtur er sem fylgiskjal með henni. Þetta örorkumat er ólíkt þeim tveimur, sem getið er að framan. Því er ætlað að mæla skerðingu á starfsorku, sbr. a lið 1. mgr. 12. gr. Af staðlinum má á hinn bóginn sjá að matið fer fram eftir öðrum reglum en gilda um mat á varanlegri örorku samkvæmt skaðabótalögum. Tekið er tillit til andlegrar og líkamlegrar færni manna og eru þessir þættir mældir eftir ákveðnum viðmiðunum, sem hver um sig getur veitt tilgreindan stigafjölda. Matið byggist ekki á því að líkamstjón hafi orðið í slysum, heldur getur skerðing á líkamlegri og andlegri getu hafa orðið með hvaða hætti sem vera skal.

Örorkumat vegna slysatrygginga.

Um rétt til örorku frá almannatryggingum vegna slysa eru ákvæði, m.a. í 29. gr. laga um almannatryggingar. Í 1. mgr. 29. gr. segir að ef slys valdi varanlegri örorku skuli greiða þeim, sem fyrir því varð, örorkulífeyri. Af lögnum er ekki ljóst hvernig eigi að framkvæma það örorkumat, sem hér á við og ekki segir berum orðum að fara beri eftir reglum 12. gr. laganna við örorkumatið eða reglugerð nr. 379/1999. Lengst af hefur verið litið svo á, að ekki bæri að leggja sams konar örorkumat til grundvallar mati á örorku samkvæmt

lífeyrstryggingum annars vegar og slysatryggingum hins vegar.³ Verður að telja að svo sé einnig nú, þannig að ekki gilda sömu reglur um þessi tvö mót á örorku.

Örorkumat samkvæmt kjarasamningsbundnum atvinnuslysatryggingum launþega.

Frá upphafi hefur verið litið svo á, að örorkumat samkvæmt þessum váttryggingum væri læknisfræðilegt örorkumat, hið sama og nú er notað við mat á varanlegum miska. Þessi útfærsla á örorkumati var sú, sem almennt var notuð fyrir gildistöku skaðabótalaga, einnig um mat á framtíðartekjutapi, en þeim reglum var breytt eins og fyrr segir. Eftir gildistöku skaðabótalaga var almennt talið að enn bæri að leggja til grundvallar að í hinum kjarasamningsbundnu atvinnuslysatryggingum launþega ætti að miða við læknisfræðilegt örorkumat. Nokkur óvissa skapaðist þó í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. nóvember 2001 í málinu nr. 215/2001, Áburðarverksmiðjan, hf., gegn Jóni Páli Guðmundssyni. Í þessum dómi segir Hæstiréttur að miða eigi matið á örorku samkvæmt þessum váttryggingum við reglur 5. gr. skaðabótalaga, en ekki reglur um mat á varanlegum miska í 4. gr., þ.e. ekki hið læknisfræðilega örorkumat. Dómurinn sætti harðri gagnrýni, en óvissunni, sem reis í kjölfar hans var eytt með breytingum á váttryggingarskilmálunum í þá veru að tekin voru af tvímæli um að miða skyldi mat á örorku við töflur örorkunefndar, sem notaðar eru við mat á varanlegum miska. Miðað við forsögu þessara váttrygginga hlýtur þessi niðurstaða og það viðhorf sem í henni felst, að teljast eðlileg.

Örorkumat samkvæmt frjálsum slysatryggingum.

Nokkuð er um að einstaklingar taki frjálssar slysatryggingar, svo sem fyrr er getið. Er það gert ýmist að frumkvæði viðkomandi einstaklings, eða vinnuveitandi geri það til þess að skapa starfsmönnum sínum meira öryggi en felst í lögboðnum eða skyldubundnum tryggingum. Líklega munu þó frjálssar slysatryggingar vera útbreiddastar af þeirri ástæðu, að hluti af fjölskyldutryggingum þeim, sem hin íslenzku váttryggingafélög bjóða og selja, er frítímaslysatrygging. Er því stór hluti landsmanna, auk lög- eða kjarasamningsbundinna váttrygginga, tryggður frítímaslysatryggingu. Segja má, að allar þessar frjálssu slysatryggingar miði við að mat á örorku samkvæmt þeim, sem grundvöllur undir greiðslu bóta fyrir varanlega örorku, fari eftir miskatöflum örorkunefndar, þ.e. sé almennt læknisfræðilegt örorkumat í anda 4. gr. skaðabótalaga. Hafa þessar slysatryggingar, a.m.k. síðustu áratugi verið reistar á því að örorka yrði metin samkvæmt læknisfræðilegu örorkumati.

Örorkumat samkvæmt lögum og reglum um lífeyrissjóði.

³ Sjá t.d. Arnljótur Björnsson, Kaflar úr skaðabótarétti, bls. 360, en þar segir svo: „Nokkur munur er á örorkumati lífeyristryggingar og örorkumati slysatryggingar Tryggingarstofnunar ríkisins.“ Þess skal þó getið að rit Arnljóts er gefið út 1990, þ.e. fyrir gildistöku laga um almannatryggingar. Ekki er þó að mínu mati ástæða til að ætla að annað réttarástands sé í dag að þessu leyti, en lýst er í ritinu.

Í lögum um lífeyrissjóði, nr. 129/1997, er eins og áður hefur verið vikið að fjallað um örorkulífeyri og rétt til hans í 15. gr. Í 6. mgr. 15. gr. er gert ráð fyrir því að í samþykktir lífeyrissjóða skuli setja reglur um örorkumat. Ekki eru í reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 391/1998, ákvæði sem hér hafa þýðingu.

Ég hef kannað samþykktir nokkurra lífeyrissjóða til þess að athuga hvaða reglur séu settar um örorkumat samkvæmt framgreindri heimild. Þeir lífeyrissjóðir, sem ég athugaði eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV), Lífeyrissjóðurinn Framsýn (Framsýn), Lífeyrissjóðurinn lífiðn (Lífiðn), Sameinaði lífeyrissjóðurinn (SL) og Lífeyrissjóður Norðurlands (LN).

Reglur LSR skera sig nokkuð úr að því er reglurnar varðar. Ég tel þó ólíklegt að í því felist að efnislegur mismunur sé á reglum samþykta þessara lífeyrissjóða og annarra um, hvernig framkvæma eigi mat á örorku samkvæmt þeim. Ég mun hér leggja til grundvallar að sömu reglur gildi hjá öllum sjóðunum um þetta atriði, en geri þó þann fyrirvara, að rannsókn mín á þessu atriði er ekki tæmandi.

Mér virðist örorkumat samkvæmt reglum framangreindra sjóða sé a.m.k. að meginstefnu til læknisfræðilegt örorkumat, þ.e. almennt örorkumat, sambærilegt töflumati því sem beitt er við mat á varanlegum miska samkvæmt skaðabótalögum. Til viðbótar koma svo skilyrði um tekjuskerðingu af völdum örorkunnar, sem ekki eru þó hluti af matinu sjálfu. Félagslegir þættir eiga heldur ekki að hafa þýðingu í örorkumatinu. Mismunandi sjónarmið kunna þó að vera uppi um hvort þetta mat sé töflumat eða ekki, en ég hygg þó að segja megí að aðferðafræðin er að miklu leyti hin sama.

7.3 Lokaorð.

Framangreint yfirlit sýnir hve breytilegar reglur gilda um mat á varanlegri örorku. Almennt má segja að mat á varanlegri örorku samkvæmt ákvæðum samþykta lífeyrissjóða sé læknisfræðilegt örorkumat.

8. Ákvörðun á bótum fyrir líkamstjón. Frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja manni.

8.1 Inngangur.

Þegar maður verður fyrir líkamstjóni á hann í sumum tilvikum rétt til skaðabóta, en öðrum ekki. Nauðsynlegt er, vegna þess álitaefnis sem mér er ætlað að svara í þessari álitserð, að tilgreina hvernig skaðabætur eru ákveðnar, einkum skaðabætur vegna framtíðartekjutaps og hvernig háttáð sé reglum um frádrátt vegna greiðslna sem tjónþolinn fær frá þriðja aðilja vegna líkamstjónsins, t.d. frá almannatryggingakerfinu, frá lífeyrissjóðum úr atvinnuslysatryggingum launþega og úr frjálsum slysatryggingum.

8.2 Ákvörðun skaðabóta.

Hér verður einungis vikið að reglum um ákvörðun skaðabóta fyrir fjártjón og aðeins það fjártjón, sem felst í varanlegu tekjutapi í framtíðinni vegna starfsorkuskerðingar.

Eins og áður hefur verið vikið að gilda reglur 5. gr. skaðabótalaga um mat á varanlegri örorku, þegar tjónþoli á rétt til skaðabóta. Markmið þessa örorkumats er að skapa grundvöll til þess að bæta tjónþolanum allt það tekjutap sem hann verður fyrir í framtíðinni vegna afleiðinga líkamstjónsins. Með því að örorka manns er metin 55% samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga, eiga með stoð í öðrum reglum laganna að vera forsendur til að finna út skaðabætur, sem nema 55% af tekjum hans í framtíðinni, allt til loka venjulegrar starfsævi. Við ákvörðun skaðabóta vegna þessa tjóns verður að færa tekjutapið til eingreiðsluverðs, lækka það vegna skattfrelsis bóta og hagræðis við eingreiðslu þannig að tjónþolin verði eins settur fjárhagslega og hann hefði ekki orðið fyrir líkamstjóninu. Það sem skiptir mestu máli í þessu sambandi og skal áréttað hér, er að skaðabæturnar eiga að svara til framtíðartekjutaps tjónþolans, að teknu tilliti til þeirrar almennu óvissu sem framtíðin hlýtur alltaf að fela í sér.

8.3 Hvaða greiðslur frá þriðja aðilja dragast frá skaðabótum vegna framtíðartekjutaps?

Þegar búið er að finna út, hvaða fjárhæð tjónþoli á rétt á í skaðabætur vegna líkamstjón þarf m.a. að taka afstöðu til þess hvort greiðslur, sem hann kann að eiga rétt á frá þriðja aðilja, eigi að dragast frá skaðabótum eða ekki.

Meginreglan er sú, samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, að greiðslur frá þriðja aðilja dragist ekki frá skaðabótum. Frá þeirri meginreglu eru gerðar nokkrar undantekningar, sem eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eiga greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum að dragast frá skaðabótum. Í þessu felst, að örorkulífeyrir sem tjónþoli á rétt á úr slysatryggingardeild Tryggingastofnunar ríkisins eiga að dragast frá skaðabótum. Þegar það er gert eru þær bætur færðar til eingreiðsluverðmætis og síðan dregnar frá skaðabótunum.

Í öðru lagi bætur úr slysatryggingu örkumanns og slysatryggingu manns sem slasast sem farþegi í eigin örkutæki, svo og bætur sem tjónþoli fær samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu. Allar þessar greiðslur eru, að því er fjárhæðir varðar, ákveðnar eftir reglum skaðabótaréttar og eru því jafnháar skaðabótum og eiga að koma í stað þeirra. Það er því nánast óhjákvæmilegt að þær dragist frá skaðabótum.

Í þriðja lagi eiga að dragast frá skaðabótum bætur sem tjónþoli fær úr lög- eða kjarasamningsbundinni atvinnuslysatryggingu lauþega. Þetta á þó aðeins að

gera þegar ef tjónþolinn á skaðabótakröfu á hendur vinnuveitandanum sem tók þessa tilteknu slysaftryggingu fyrir launþegann. Í öðrum tilvikum dragast slíka bætur ekki frá skaðabótakröfu.

Í fjórða lagi dragast frá skaðabótakröfunni 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Hugsunin er sú, að það sé launþeginn sem leggi til 40% af því sem greitt er til lífeyrissjóðs vegna hans, en vinnuveitandi 60%. Ekki er því ástæða til að láta tjónþolann sæta skerðingu vegna 40% réttindanna. Hann eigi að sæta skerðingu vegna þess hluta lífeyrisréttinda, sem framlag vinnuveitanda hefur skapað, þ.e. 60%. Af því við fjárhæð skaðabóta sé búið að taka tillit til skattfrelsis, en örorkulífeyrir sé skattskyldur eins og aðrar tekjur verði að taka tillit til þess, svo sambærileg fjárhæð sé notuð til frádráttar. Þar sem skaðabætur er skertar um þriðjung vegna skattfrelsis verði að skerða þennan frádráttar lið um sama hlutfall. Þess vegna kemur aðeins 40% af eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris til frádráttar, en ekki öll 60% eins og ella hefði orðið.⁴

Allar aðrar greiðslur sem tjónþoli fær vegna varanlegrar örorku, sem leiðir af slysi eru ekki dregnar frá skaðabótum, sem hann á rétt á. Í þessu felst að tjónþoli, sem á rétt á váttryggingum t.d. vegna þess að hann eða vinnuveitandi hans hafa tekið slysaftryggingar vegna hans þarf ekki að sæta frádrætti vegna þeirra greiðslna. Tjónþoli sem fær stuðning úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags síns vegna varanlegrar örorku þarf heldur ekki að sæta frádrætti.

9. Vandamálið er m.a. sumir fá skaðabætur, en aðrir ekki, og sumir fá tjóni sitt ofbætt svo verulegu nemur. Er það e.t.v. ekki vandamál?

Greinargerðinni að framan er m.a. ætlað að sýna, að það eru aðeins sumir tjónþolar, sem fá skaðabætur vegna þess líkamstjóns sem þeir verða fyrir í slysum. Þessi mismunandi réttarstaða ræðst ekki af skýrum reglum, heldur oft af flóknu mati á því hvort sá er veldur tjóni hefur sýnt af sér gáleysi eða ekki. Á sumum sviðum eru víðtækar bótareglur í gildi, svo sem um tjón sem verða í umferðarslysum, og fá þá tjónþolar undantekningarlítið skaðabætur vegna tjóns síns.

Þeir sem ekki eiga rétt til skaðabóta, fá tjón sitt vegna slysa venjulega ekki bætt nema að hluta, oft aðeins að litlu leyti.

Á hinn bóginn fá þeir, sem eiga rétt til skaðabóta og öðlast einnig rétt til bóta frá þriðja aðilja, t.d. lífeyrissjóðum, frjálsum slysaftryggingum o.fl. tjón sitt ofbætt, þ.e. þegar upp er staðið fá þeir hærri greiðslur vegna líkamstjónsins, að

⁴ Þessum frádrætti er nánar lýst í skýringum með frumvarpi því sem síðar varð að lögum 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993. Sjá nánar Alþingistíðindi 1998-99, A-deild, bls. 1293. Í skýringum annars staðar í frumvarpinu er einnig gerð grein fyrir öðrum forsendum fyrir útreikningi skaðabóta, en sumra þeirra hefur verið getið í álitsgerðinni.

Því leyti sem það felst í framtíðartekjutapi, en þeir hefðu fengið ef þeir hefðu ekki orðið fyrir tjóni. Stundum nema þessar ofbætur verulegum fjárhæðum, sbr. t.d. í Hrd. 1998, bls. 1762, en það mál laut reyndar að bótum fyrir tímabundið atvinnutjón. Ein meginástæðan fyrir því að tjón eru ofbætt er, að ekki er samræmi milli reglna um bætur fyrir líkamstjón og aðferða við að ákveða grundvöll slíkra bóta. Önnur ástæða er sú, að löggjafinn hefur meðvitað ákveðið að aðeins hluti af greiðslum frá þriðja manni eigi að koma til frádráttar skaðabótum, en í þeirri ákvörðun felst að tjón megi ofbæta. Tekið skal fram, að reglur íslenzks réttar um skaðabætur og um frádrátt frá þeim vegna greiðslna frá þriðja manni eru ekki einstakar um þetta. Þannig eru sum líkamstjón ofbætt samkvæmt dönskum rétti og einnig samkvæmt sænskum rétti. Þess er ekki kostur hér að meta, hvort það er í ríkara mæli en eftir íslenzkum rétti, eða hvort það er í minna mæli. Aðalatriðið er að þetta viðgengst, þrátt fyrir að margir líti á þetta sem vandamál, einkum í ljósi þess að sumir tjónþolar fá líkamstjón sitt ekki bæt, eða aðeins að litlu leyti.

10. Nánar um álitafnið. Staða þess sem rétt á til örorkulífeyris frá lífeyrissjóði.

Að lokinni þeirri greinargerð, sem sett hefur verið fram, er unnt að víkja aftur af því álitafni, sem hér er til skoðunar, þ.e. hugsanlegri skerðingu á örorkulífeyri vegna þess að líkamstjónið hafi verið bætt með skaðabótum.

Þar sem álitargerð þessi er lögfræðileg umfjöllun, mun ég ekki fjalla um það hvort það sé rétt eða rangt frá siðferðilegu sjónarhorni að skerða örorkulífeyri vegna þess að tjónþoli hafi fengið það bætt með skaðabótum. Það er þó nauðsynlegt að vekja athygli á því, að í 1. mgr. 15. gr. lífeyrissjóðalaga, er svofelld regla:

„Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi, sem metið er 50% eða meira, ... og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.“

Í ákvæðum samþykktu fyrir alla þá sjóði sem ég kannaði, og tilgreindir eru að framan, er þetta skilyrði áréttað, þ.e. að réttur til örorkulífeyris stofnist ekki nema sjóðfélaginn (tjónþolinn) hafi orðið fyrir tekjuskerðingu vegna orkutapsins (örorkunnar/líkamstjónsins). Örorkulífeyri er þannig ætlað að koma í stað, þ.e. bæta tekjuskerðingu vegna líkamstjóns. Frá og með gildistöku skaðabótalaga, nr. 50/1993, hinn 1. júlí það ár, en þó einkum eftir þær breytingar sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 37/1999, hefur varanleg örorka og útreikningur bóta vegna hennar átt að svara nákvæmlega til þess tekjutaps, sem tjónþoli verður fyrir í framtíðinni vegna líkamstjónsins. Skaðabæturnar vegna framtíðartekjutaps eiga því að bæta tekjuskerðinguna í framtíðinni vegna líkamstjónsins. Skaðabætur vegna framtíðartekjutaps á því að vera unnt að leggja að jöfnu við framtíðartekjur, sú er hugsunin í þeirri bótaákvörðun sem skaðabótalögin mæla fyrir um vegna varanlegrar örorku.

Af framangreindu leiðir að það er ákveðið misræmi í því að tjónþoli eigi rétt til örorkulífeyris vegna tekjuskerðingar er leiðir af líkamstjóni vegna slyss, sem hann hefur þegar fengið bætt með skaðabótum. Hann er því mun betur settur en sá sem ekki á rétt á skaðabótum vegna þess að tjón hans er ekki bótaskyld. Með örorkulífeyri við þessar aðstæður, þ.e. þegar tjónþoli hefur fengið tjón sitt bætt með skaðabótum, getur því lífeyrissjóðurinn verið að ofbæta tjónið og e.t.v. ofbæta það enn frekar heldur en leiðir af framanlýstum reglum 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Í þessu sambandi verður að hafa í huga hið félagslega hlutverk lífeyrissjóða, þ.e. að tryggja lágmarksvernd vegna örorku, elli eða andláts.

11. Lögfræðileg úrlausn álitafnisins.

11.1 Í hverju felast hin lögfræðilegu úrlausnarefni.

Eins og fyrr segir er ekki tilefni til þess, í lögfræðilegri álitagerð eins og þessari, að fjalla um siðferðileg álitafni um skerðingu örorkulífeyris. Fram úr slíkum álitafnum verða fyrirsvarsmenn lífeyrissjóða að ráða, eða löggjafinn ef þannig vill til. Hin lögfræðilegu úrlausnarefni lúta að tvennu, þ.e. hvort heimilt sé að skerða örorkulífeyri frá lífeyrissjóði vegna þess að sjóðfélagi (tjónþoli) hafi fengið skaðabætur og ef slíkt er heimilt, hvernig sé unnt að framkvæma slíka skerðingu, þ.e. hvernig á að setja reglur um slíka skerðingu.

11.2 Er heimilt að skerða örorkulífeyri vegna þess að tjónþoli hafi fengið skaðabætur vegna tjóns síns?

Fyrsta viðfangsefnið er að leggja mat á það, hvort það sé yfirleitt heimilt að skerða örorkulífeyri vegna þess að tjónþoli hafi fengið skaðabætur vegna líkamstjóns síns.

Nauðsynlegt er að rifja enn upp þau ákvæði 15. gr. lífeyrissjóðalaga, sem hér skipta máli:

1. mgr.

„Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, ... og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.“

5. mgr.

„Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.“

6. mgr.

„Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.“

Af framangreindu má sjá, að löggjafinn hefur í almennum lögum mælt fyrir um tiltekin skilyrði fyrir því að örorkulífeyrir verði greiddur, en jafnframt kveðið á um að í samþykktum lífeyrissjóða skuli mælt fyrir um önnur skilyrði. Spurning er því sú, hvaða svigrúm lífeyrissjóðir hafa til þess að setja skilyrði fyrir

greiðslu örorkulífeyris og hvenær nauðsynlegt sé að löggjafinn ákveði með lögum hvaða skilyrði verði sett. Af framangreindu lagaákvæði er þó alveg víst, að löggjafinn telur sig hafa heimild til þess að setja slík skilyrði. Svarið við þeirri spurningu, sem er í fyrirsögn þessa kafla er því já. Það er heimilt að skerða örorkulífeyri vegna þess að tjónþoli hafi fengið skaðabætur vegna framtíðartekjutaps síns.

Við slíkar skerðingar verður löggjafinn að gæta að því að þær séu almennar, reistar á málefnalegum sjónarmiðum og hafi ekki för með sér afturvirkar breytingar á réttindum sjóðfélaga. Löggjafinn yrði líka að tak mið af öðrum lagaákvæðum, sem lúta að sömu hagsmunum. Hér er einkum átt við 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, sbr. síðar.

11.3 Heimildir lífeyrissjóða til að skerða örorkulífeyri.

Meginspurningin er, hvort lífeyrissjóðum sé heimilt að kveða á um það í samþykktum sínum, að það sé skilyrði fyrir því að sjóðfélagi eigi rétt til örorkulífeyris að hann hafi ekki fengið tjón sitt bætt með skaðabótum.

Í 1. mgr. 15. gr. er að finna eftirtalin skilyrði fyrir rétti til greiðslu örorkulífeyris:

- a) að sjóðfélagi hafi orðið fyrir orkutapi sem, er a.m.k. 50%,
- b) að sjóðfélagi hafi greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár, og
- c) að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Eins og sést í tilvitnun í 6. mgr. 15. gr. lífeyrissjóðalaga, hefur löggjafinn ætlað lífeyrissjóðum að kveða nánar á um skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris.

Er lífeyrissjóðum heimilt að setja svofellt skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris í samþykktir sínar?

„Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem er a.m.k. 50% og hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins og ekki fengið hana bætt með skaðabótum eða öðrum bótum ákveðnum eftir reglum skaðabótaréttar.“
(Undirstrikum VMM)

Geta þeir e.t.v. sett skilyrði í ákvæðið, sem gengur skemur, t.d. sett eftirfarandi reglu:

„Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem er a.m.k. 50% og hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins og einungis að því leyti, sem hann hefur ekki fengið hana bætt bætt með skaðabótum eða öðrum bótum ákveðnum eftir reglum skaðabótaréttar.“ (Undirstrikum VMM)

Það ræðst af lögskýringu á 15. gr. lífeyrissjóðalaga, hvort telja verður að lífeyrissjóðum sé heimilt að bæta slíku skilyrði í samþykktir sínar fyrir rétti til örorkulífeyris. Þar sem það kemur ekki fram í greininni sjálfri hversu langt má ganga í þessu efni ber að líta til lögskýringargagna, einkum greinargerðar í frumvarpi til lífeyrissjóðalaga.

Í skýringum við 15. gr. í greinargerð með frumvarpinu, segir m.a. svo um heimildir lífeyrissjóða í þessu efni:

„ Í þessari grein eru settar almennar reglur um örorkulífeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gilda almennt hjá lífeyrissjóðum. Lagt er til að sjóðfélagi sem fullnægir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr. eigi ávallt rétt á örorkulífeyri miðað við áunnin réttindi. ... Í 5. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðir geti haft ákvæði um biðtíma þannig að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrst eftir orkutapið eða ef það varir í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að í samþykktum verði settar ítarlegar reglur um örorkulífeyri, svo sem um örorkumatið, t.d. hvort það eigi að miðast við vanhæfi til að gegna því starfi sem sjóðfélagi gegndi þegar hann varð fyrir orkutapi eða hvort miða eigi við vanhæfi til að gegna almennum störfum. Í mörgum sjóðum er matið t.d. fyrstu þrjú árin miðað við það starf sem sjóðfélaginn gegndi við orkuptapið en eftir það við störf almennt. Þá er gert ráð fyrir að fjallað verði um útreikninginn í samþykktum, svo sem um það hvaða áhrif aðrar tekjur hafa á lífeyri. Loks má nefna að í samþykktum á að fjalla um skilyrði fyrir greiðslu, svo sem um framlagningu vottorða og annarra gagna og skyldu til að gangast undir endurhæfingu.“ (Undirstrikun VMM)

Líklega verður að skýra 15. gr. svo, með hliðsjón af tilvitnuðum orðum greinargerðar og því, að í greininni er fjallað um mikilsverð réttindi sjóðfélaga, að lífeyrissjóðirnir sjálfir verði að una við þá fortakslausu reglu sem fram kemur í 1. mgr. og skýrð eru í greinargerðinni, þ.e. að ekki verði sett önnur meginskilyrði en þau þrjú, sem nefnd eru að framan. Að vísu er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir geti sett reglur um hvaða áhrif tekjur hafi á lífeyri. E.t.v. má draga af þessu þær ályktanir að skaðabætur sem ætlað er að bæta tekjutap falli undir þetta og því sé lífeyrissjóðum heimilt skerða fjárhæðir lífeyris vegna slíkra greiðslna. Mér sýnast hugmyndir Guðjóns Hansen, tryggingafræðings, eins og þær koma fram í bréfum hans um þetta efni, t.d. bréfi hans, dags. 24. júlí 2002, til Lífeyrissjóðsins Framsýnar, reistar á slíkri skýringu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að þessi skýring er ekki tvímællaus og það felst áhætta í því að framkvæma slíka skerðingu. Ég tel að auki að skýringarnar í greinargerð séu þannig, að svigrúm lífeyrissjóða til að setja skilyrði fyrir greiðslum, nái ekki til þess að skerða réttinn til örorkulífeyris sem slíkan.

Meira álitaefni kann að vera um heimildir til að skerða fjárhæðir bóta vegna greiðslna á skaðabótum fyrir líkamstjónið, en eins og fyrr segir er það alls ekki ótvírætt að slíkt sé heimilt.

Niðurstaða mín um þetta álitaefni er sú, að ef setja á það sem skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, að sjóðfélagi hafi ekki fengið

tekjuskerðinguna bætt með skaðabótum, eða öðrum bótum ákveðnum eftir reglum skaðabótaréttar, verði það skilyrði að koma fram í lögum. Hið sama á við um skerðingar á fjárhæðum lífeyris af þessum ástæðum, en meiri vafi kann að vera um þá niðurstöðu. Það er, miðað við orðalag 15. gr. og skýringar í greinargerð frumvarps, sem síðar varð að lífeyrissjóðalögum, ekki nægilega traustur grundvöllur til að ákveða slík skilyrði eingöngu í samþykktum einstakra lífeyrissjóða.

11.4 Kemur regla 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga um frádrátt á hluta örorkulífeyris frá skaðabótum í veg fyrir framangreint skilyrði?

Loks er nauðsynlegt að leggja mat á það, hvort sú regla 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, að 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði skuli dragast frá skaðabótum, komi í veg fyrir að unnt sé að mæla fyrir um það að tjónþoli, sem fengið hefur tjón sitt bætt með skaðabótum, geti ekki átt rétt á örorkulífeyri. Ekki er unnt að neita því, að það virðist felast ákveðin þversögn í slíku skilyrði. Telja verður að samræma þyrfti með einhverjum hætti reglu 4. mgr. 5. gr. og hugsanlegt ákvæði um nýtt skilyrði í lífeyrissjóðalögum, um að sá sem hefði fengið tjón sitt bætt með skaðabótum eigi ekki rétt til örorkulífeyris. Að öðrum kosti gæti breytingin leitt til þess að flókin víxlverkun yrði milli réttar til örorkulífeyris og þess að greiðsla á örorkulífeyri ætti að dragast frá skaðabótum.

Mér virðist því nauðsynlegt að lagt verði mat á það hvernig samræma ætti slíka breytingu ákvæðum skaðabótalaga, ella væri hætt á því að sjóðfélaga stæðu misjafnlega að vígi að því er varðar rétt til örorkubóta. Þannig myndi sá, sem sem verður fyrir líkamstjóni í skaðabótaskyldu slysi og metinn er 55% öryrki í fyrsta mati, bæði samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga, og einnig eftir því mati sem samþykktir lífeyrissjóða miða við, fá örorkulífeyri sem dreginn yrði frá skaðabótum. Sá sem yrði á hinn bóginn talinn hafa 40% örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga og með jafn mikið orkutap samkvæmt reglum samþykktu lífeyrissjóða og fengi því ekki bætur frá lífeyrissjóði, ekki látinn sæta neinni skerðingu. Ef orkutap hans breyttist síðar og yrði metið 55% þannig að hann ætti rétt til örorkulífeyris myndi hann ekki sæta skerðingu á skaðabótum, enda þær þegar greiddar. Ákvæði með slíkri reglu kæmi þannig misjafnlega út eftir því hvort skilyrði til greiðslu úr lífeyrissjóði væri til staðar í upphafi, eða það kæmi til síðar. Ákvæðið myndi líka skapa flókna víxlverkun milli 4. mgr. 5. gr. og hins nýja ákvæðis, sbr. að framan. Þess vegna er óhjákvæmilegt að mínu mati að breyta líka skaðabótalögum eða samræma slíkar breytingar með einhverjum öðrum hætti. Í því efni eru ýmsir kostir, sem ekki verður fjallað um hér.

Reykjavík, 6. maí 2003.

Viðar Már Matthíasson,
prófessor.